

**ÁKVÆÐI OG SKÝRINGAR MEÐ TÖFLU II OG III.**

- a. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu.
- b. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðamörkum við götu eða stíg, stystu greiðfæru leið að varkassa eða töflu. Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern meter umfram fyrstu 15 metrana þannig:  $Y_j = (1760 + 13 \times \text{kVA})$  kr. m. og yfirlengd loftlínu umfram fyrstu 30 metrana  $Y_j = (488 + 9 \times \text{kVA})$  kr. m. að viðbættum kr. 14 813 á hvern stólpa í umfram-línu.
- c. Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin, skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádragnu hálfu gjaldi hinnar fyrri, hvort-tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin er gerð.
- d. Tengigjald samkvæmt töflu III skal reiknað þegar spennistöð er byggð, að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi leggja til lóð eða húsnæði fyrir stöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra. Húsnæðið skal fullnægja öllum kröfum um gerð spennistöðvahúsa. Kostnaður notanda við gerð húsnæðis kemur til frádráttar tengigjaldi, þó aldrei meir en tengigjaldi nemur.

**Ýmis ákvæði.**

Hækki innkaupsverð á raforku, er Rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 50% af þeirri hækkun.

Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu er því aðeins gild, að til komi sérstakt samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Söluskattur, verðjöfnunargjald og önnur slík lögskyld gjöld eru innifalin í framangreindum verðum þessarar gjaldskrár, nema á D liðum (hitun) sem eru undanþegnir þessum gjöldum.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. apríl 1977 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 264 30. júní 1976.

*Iðnaðarráðuneytið, 29. mars 1977.*

**F. h. r.**

**Árni Þ. Árnason.**

*Kristmundur Halldórsson.*

**G J A L D S K R Á**

**fyrir Rafveitu Borgarness.**

Í gjaldskrá þessari eru taxtar reiknaðir í gjaldstigum, g. Orkueining: kílóvattstund = kwst. Afleiðing: kílóvatt = kw.

Frá og með 1. apríl 1977 er verðgildi gjaldstigs: 1 g = 10.40 kr.

**I. KAFLI****RAFMAGNSSALA**

Rafveita Borgarness selur rafmagn á þann hátt og við því verði sem hér segir:

**A. ORKU- OG AFLTAXTAR**

	g.	Kr.
A1 Um mestafli-mæli:		
A11 Orkuverð, hver kílóvattstund á .....	0.3=	3.10
A12 Aflverð, hvert árskílóvatt á .....	1 600 =	16 640.00
A13 Fast árgjald = grunngjald + mæligjald, skv. E ....	2 800 =	29 120.00
A2 Um markafli-mæli:		
A21 Orkuverð, hver kílóvattstund á .....	0.3=	3.10
— kwst. notkunar umfram markstillingu á .....	3 =	31.20
A22 Aflverð, hvert árskílóvatt á .....	1 600 =	16 640.00
A23 Fast árgjald = grunngjald + mæligjald, skv. E ....	2 800 =	29 120.00

**B. ORKUTAXTAR**

B1 Um kwst.-mæli:		
B11 Orkuverð, hver kílóvattstund á .....	1 =	10.40
B12 Fast árgjald = grunngjald + mæligjald, skv. E .....	1 200 =	12 480.00
Lágmark fyrir B1: 5 000 g/ári, sbr. E.		
B2 Um kwst.-mæli:		
B21 Orkuverð, allt að 1 200 kwst/ári, kwst. á .....	3 =	31.20
— umfram 1 200 kwst/ári kwst. á .....	2 =	20 80
B22 Fast árgjald = mæligjald, skv. E .....	600 =	6 240.00

**C. TÍMATAXTAR (þ. e. með skilyrðum um notkunartíma).**

C1 Um kwst.-mæli til hitunar:		
C11 Án rofs .....	0.64=	6.65
C12 Allt að 1½ klst. rof á sólarhring .....	0.36=	3.74
C13 Allt að 2½ klst. rof á sólarhring .....	0.34=	3.53
C14 Allt að 4½ klst. rof á sólarhring .....	0.27=	2.80
C15 Allt að 14½ klst. rof á sólarhring .....	0.19=	1.97

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar skv. lið E.

Taxtar C1 eru án söluskatts, en hann innheimtist ekki af rafmagni til húshitunar.

Aðrir tímataxtar, er til greina kunna að koma, falla undir D-lið.

**D. SÉRÁKVÆÐI UM RAFMAGNSSÖLU**

Þegar sérstaklega stendur á , er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja rafmagn eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til tveggja ára í senn. Undir þennan lið fellur raforka til götu- og hafnarlysingar, með lágmarksgjaldi 1.3 g/kwst.

**E. Ákvæði og skýringar vegna taxta A—D.**

- A1 Aflnotkun mælist sem meðalalag í 15 mínútur.  
 A2 Lágmarksstilling markafli er 5 kw.  
 B1 Grunngjald, 600 gjaldstig á hvert kw, reiknast þannig:  
 a) vegna rafvéla fyrir föst vinnutæki:  
 af ástimpluðu rafafli, samanlagt reiknað í heilum kw.

b) **vegna lýsingar o. fl.:**

miðað er við 0.05 kw á hvern m<sup>2</sup> gólfplatara í rými því, sem lýsa skal. Samanlagt flatarmál skal reiknað í heilum fermetrum utanmáls rýmisins.

c) **vegna rafmagns til heimila:**

í stað gólfplatargjalds skv. b-lið, má reikna með 0.3 kw á hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Herbergi stærra en 25 m<sup>2</sup> reiknast sem tvö.

**Lágmarksgjald skv. taxta B1 (kwst.-gjald + fast árgjald)** er 5 000 gjaldstig á ári. Í stað taxta B1 má velja taxta B2, ef hagkvæmara þykir.

C1 **Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:**

- a) að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (förgangsnotkunar), að dómi rafveitustjóra.
- b) að vélaafl, spennar og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- c) að straumur sé rofinn á tilskildum tímum með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu búnaðarins og greiði leigu af honum skv. d-lið.
- d) að tæki, lagnir og allur hitunarbúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum, m. a. ofnar fasttengdir, með rofum og hitastillum.
- e) að notkun sé minnst 6 000 kwst. á ári.

A—D a) Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.85, getur rafveitan krafist þess, að notandinn geri ráðstafanir til að hækka stuðullinn á sinn kostnað upp í það gildi, en greiði að öðrum kosti hærra verð fyrir raforkuna.

b) Rafveitustjóri getur bannað notkun tiltekinna tækja (t. d. rafsuðuspenna) eða takmarkað notkun þeirra á tilteknum tímum, ef nauðsyn krefur að hans dómi vegna truflana eða annarra annmarka af völdum þeirra.

c) Hitunartaxtar C1 standi jafnan á heilum eyri, en allir aðrir taxtar reiknast í heilum tug ára.

d) **Föst árgjöld reiknast þannig:**

grunn gjald, í töxtum A1 og A2 .....	1 600 gjaldstig
grunn gjald, í taxta B1 .....	600 gjaldstig
mæligjald, í töxtum A1 og A2 .....	1 200 gjaldstig
mæligjald, í töxtum B1, B2 og C1 .....	600 gjaldstig
rofa gjald, af klukkurofa 80 A eða stærri .....	800 gjaldstig
rofa gjald, af klukkurofa minni en 80 A .....	600 gjaldstig
rofa gjald, af fjarstýribúnaði .....	600 gjaldstig

Af öðrum mælum og rofum en þeim, sem nefndir eru hér að framan, skal árgjaldið vera sem næst 20% af verði tækisins.

## II. KAFLI

## TENGIGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu. Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna skal greiða tengigjald sem hér segir:

Gjaldskrárlíður	2		3	4	Tengi- gjald kr.		
	Málstraumur stofnvara í					Flutningsgeta skv. stærð stofnvara eða spennis kVA	Tengigjöld skv. jöfnu $g = 1500 + 150 \times \text{kVA}$ Gjaldstig g
	220 V kerfi A	380 V kerfi A					
T1	2 × 60	1 × 60	0.22 × 60 = 13	3 400	35 360		
T2	3 × 60	2 × 60	0.38 × 60 = 22	4 800	49 920		
T3	3 × 100	3 × 60	0.38 × 100 = 38	7 200	74 880		
T4		3 × 100	0.66 × 100 = 66	11 400	118 560		
T5	3 × 200		0.38 × 200 = 76	12 900	134 160		
T6	3 × 350	3 × 200	0.66 × 200 = 132	21 300	221 520		
T7		3 × 350	0.66 × 350 = 231	36 100	375 440		
T8			300	41 500	431 600		
T9			500	76 500	795 600		

Fyrir aðrar stærðir stofnvara eða spenna en hér er talið, skal reikna tengigjald eftir sömu jöfnu og að ofan, sbr. 3. og 4. dálk.

### Önnur ákvæði:

#### a) um heimtaugar:

Tengigjaldið miðast við allt að 15 metra jarðstrengsheimtaug eða allt að 30 metra loftlínuheimtaug. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa eða töflu.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metrana, þannig:  $Y(J) = (200 + 3 \times \text{kVA})$  gjaldstig á metra.

Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 metrana, þannig:  $Y(L) = (40 + 2 \times \text{kVA})$  gjaldstig á metra, að viðbættum 2 000 gjaldstigum á hvern stólpa í umframlínu.

#### b) um spennistöðvar:

Tengigjald skal reikna eftir stærð spennis, þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi þá leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnæðið skal fullnægja að öllu leyti settum skilyrðum um gerð spennistöðvahúsa. Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu, en kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjaldi skv. þessari gjaldskrá, þó aldrei meiri frádráttur en tengigjaldinu nemur.

#### c) almennt:

Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum, en í óskipulögðum hverfum skal greiða tengigjald eftir kostnaðarreikningi heimtaugar eða spennistöðvar. Tengigjald fellur í gjalddaga, þegar sótt er um heimtaug eða spennistöð. Fyrir bráðabirgðaheimtaug skal greiða sem svarar 1 500 gjaldstigum eða eftir reikningi, ef um verulega hærri kostnað er að ræða.

## III. KAFLI

### OPNUNARGJÖLD

Opnunargjald nemur allt að 100 gjaldstigum, en skal standa á heilu hundraði króna.

Opnunargjaldið greiðist í þessum tilvikum:

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt á skrifstofu rafveitunnar gjald fyrir enduropnun.

#### IV. KAFLI VERÐGILDI GJALDSTIGS

Rafveitunni er heimilt að breyta verðgildi gjaldstigs til samræmis við breytingar á reksturskostnaði rafveitunnar. Skal þá reiknað eftir hlutfallsgrunni, sem fæst úr síðasta ársreikningi og fjárhagsáætlun rafveitunnar, enda sé reikningsgrunnurinn samþykktur af rafveitunefnd og hreppsnefnd.

Gjaldskrárbreytingu má gera, ef reksturskostnaður hefur hækkað eða lækkað um 5% eða meira, enda sé heimild iðnaðarráðuneytisins fyrir hækkun. Skal þá að jafnaði miðað við 1. janúar eða 1. júlí.

Verðgildi gjaldstigs reiknast í heilum tug ára.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. apríl 1977 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 273 30. júní 1976.

*Iðnaðarráðuneytið, 29. mars 1977.*

F. h. r.  
**Árni Þ. Árnason.**

*Kristmundur Halldórsson.*

#### REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 101/1977 um breyting á reglugerð nr. 250/1976 um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara.

##### 1. gr.

2. gr. 1. mgr. orðist svo:

Viðkvæmum matvælum skal halda nægjanlega köldum (undir 4°C) eða nægjanlega heitum (60°C eða þar yfir) eftir eðli vörunnar.

##### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lögum nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum og með stoð í lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og með stoð í lögum nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni öðlast gildi þegar í stað.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. mars 1977.*

F. h. r.  
**Páll Sigurðsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*